

Skipulagsstofnun
Jón Ágúst Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 1. febrúar 2023
UST202301-149/B.S.
10.05.01

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - umhverfismatsskýrsla - Efnistaka úr Litlabakkanámu. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 11. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda efnistöku.

Um er að ræða efnistöku á svæði þar sem efni hefur verið tekið um áratugaskeið. Fyrirhugað er að taka alls um 250.000 m³ af steypu- og klæðningaefni næstu 25 ár.

Fram kemur í greinargerð að eftir tilkomu Kárahnjúkavirkjunar eru náttúrulegir efnisflutningar minni og nánast engir nema í flóðum. Áin er að grafa sig niður í gamla áreyra og væntanlega mun komast þarna á nýtt jafnvægi með tímanum. Fram kemur að efni úr námunni teljist gæðaeefni að mati Vegagerðarinnar.

Gróður á svæðinu eru að mestu grös sem sáð hefur verið sem mótvægisáðgerð vegna Kárahnjúkavirkjunar. Umhverfisstofnun telur að skoða eigi hvort ástæða sé til að styrkja gróður á fyrirhuguðum efnistökusvæðum en í stað þess verði lögð áhersla á að græða upp svæði þar sem efnistöku er lokið.

Fuglalíf er fábreytt og eingöngu tegundir sem algengar eru á svæðinu. Efnistakan fer alfarið fram utan við virkan farveg Jöklu. Umhverfisstofnun telur að leggja eigi áherslu á að þannig verði áfram og að skoða verði hvort ekki sé ástæða til að hindra að áin flæmist um efnistökusvæði með leirburði þegar Háslón fer á yfirfall og spilli malarefni og gróðri. Fyrir tilkomu Kárahnjúkavirkjunar er talið að efnistaka við Litlabakka hafi verið sjálfbær þar sem Jökla fyllti jafnóðum gryfjur en slíkt gerist ekki framar og efnistakan því ósjálfbær. Í gömlum áreyrum Jöklu neðan Blöndubakka er að finna mjög mikið efni. Þrátt fyrir þetta telur Umhverfisstofnun að fara eigi sparlega með gæðaeefni og nota þessa mól aðeins til framleiðslu steypu og klæðninga.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Greinargerðin er vönduð og ítarleg.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur